



Tilefni fundar			Síða
FUNDARGERÐ			Stjórnarfundur FS
Dags. Fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
13.2.2024	15:00 – 17:00	Borgartún/Teams	8
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags.
Gunnlaugur Briem	Þóra Björg Sigurþórsdóttir		13.2.2024
Fundarmenn: Guðný Björg Björnsdóttir, Gunnlaugur Már Briem, Fríða Brá Pálsdóttir, Kári Árnason, Þóra Björg Sigurþórsdóttir, Steinunn S. Ólafardóttir (á Teams).			
Afrit			
Varamenn stjórnar			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
	1. Fundargerð síðasta fundar 2. Niðurstaða fundarins - Húseign B6 og félagsfundur FS vegna mögulegrar sölu 3. Formannsframboð 4. Aðalfundur FS 2024 : Trúnaðarstörf / fjárhagsáætlun / ársreikningar og endurskoðun 5. Dagur Sjúkráþjálfunar 6. Húsnæðismál fræðslunefndar 7. Erlent samstarf: Oslo + Riga 8. Skýrsla um mönnunarbörf sjúkráþjálfara 9. Upplýsingar um verkefni hjá ráðuneytinu 10. Upplýsingar um kjaramál 11. Önnur mál		
1.	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt		
2.	Staða verkefna hjá verkefnastjóra fagmála - Ritnefnd hefur hafið undirbúning á vorblaði og hefur nefndinni borist ein ritrýnd grein og von er á fleirum - Hugmynd borin undir stjórn að innleiða Teams svæði fyrir allar nefndir til að nota sem gagnageymslu. Stjórn er samþykk þeirri tillögu. - Fræðslunefnd hélt samráðsfund með faghópum og undirfélögum. Fræðslunefnd vinnur áfram með hugmyndir sem þar var komið á framfæri s.s. námskeið um starfræn einkenni. - Umræða um fréttabréf, tíðni útgáfu og hugmynd að notkun Mailchimp þjónustu við útgáfu þess. Stjórn mun taka afstöðu til þess í samráði við verkefnastjóra fagmála.	SSÓ	
2.	Niðurstaða fundarins – Húseign B6 og félagsfundur FS vegna mögulegrar sölu Tillaga stjórnar:	GMB	



Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
	Að þeir fjármunir sem fáið úr sölu eignarinnar að Borgartúni 6 verði settir í sér húsnæðissjóð Félags sjúkráðgjafara, sem verði ávaxtaður og nýttur til fjárfestinga í húsnæði í framtíðinni ákveði aðalfundur/félagsfundur slíkt Félagsfundur kaus um eftirfarandi tillögu: Félagsfundur þann 22.1.2024 veitir stjórn Félags sjúkráðgjafara heimild fyrir því að setja eignarhlut FS í Borgartúni 6 (Húsfélagi BHM sf.) á sölu. Skal það gert með þeim fyrirvara að viðunandi verð fáið fyrir eignina og að meirihluti núverandi eigenda ákveði að selja. Skal stjórn gæta þess að hámarka virði eignarhluta FS og tryggja að þeir fjármunir sem fáið úr mögulegri sölu verði settir í sérsjóð sem einungis megi nýta til fasteignarkaupna fyrir starfsemi félagsins í framtíðinni með samþykki aðal- eða félagsfundar. Niðurstaða kosningar var sú að þessi tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.		
3.	Formannsframboð Kynningartímabili lýkur að miðnætti 14. febrúar og rafræn kosning opnar kl. 8 þann 15. febrúar og lýkur kl. 17 þann 16. febrúar. Undirbúningur kosningar er í höndum kjörstjórnar. Kjörstjórn er skipuð af Guðnýju Björgu Björnsdóttur sem fulltrúa stjórnar, Sigurði Sölva Svavarssyni og Margréti Sigurðardóttur.	GBB	
4.	Aðalfundur FS 2024: Trúnaðarströf / fjárhagsáætlun / ársreikningar og endurskoðun - Aðalfundur verður haldinn 13. mars og er undirbúningur hafinn. - Lagabreytingatillögur stjórnar þurfa að hafa borist fyrir 28. febrúar. - Stjórn kemur með tillögum að fulltrúum í nefndir sem skipaðar eru af stjórn. - Búið að senda ársreikning til endurskoðenda. - Niðurstöður sem kynntar verða á aðalfundi hafa verið bornar undir stjórn.	Stjórn	
5.	Dagur Sjúkráðgjafunar Skipulag gengur vel og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Stjórn felur Steinunni, Guðnýju og GMB ákvarðanatöku sem viðkemur næstu skrefum í skipulagningu. Dagskráin er í vinnslu.	GMB, SSÓ, GBB	
6.	Húsnæðismál fræðslunefndar Borist hefur erindi frá fræðslunefnd Félags sjúkráðgjafara vegna húsnæðismála. Stjórn mun reyna afla upplýsinga um möguleg húsakynni sem gætu reynst heppileg sem framtíðarlausn fyrir fræðslunefnd.		
7.	Erlent samstarf: Oslo + Riga Norræni fundurinn verður haldinn í byrjun apríl í Osló. Tveir fulltrúar frá Íslandi sækja þann fund. Aðalfundur Evrópudeildar verður haldinn í lok apríl í Riga. Einn fulltrúi frá Íslandi sækir þann fund.	GMB	
8.	Skýrsla um mönnunarþörf sjúkráðgjafara Vinna í fullum í gangi við gerð mannaflaspár fyrir Félag sjúkráðgjafara.	GMB, KÁ	



Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	Dags.
9.	Upplýsingar um verkefni hjá ráðuneytinu Fulltrúar stjórnar sóttu fund hjá ráðuneytinu varðandi nám í sjúkranuðdi.	GMB	
10.	Upplýsingar um kjaramál Samninganefnd sjálfstætt starfandi er í virkum viðræðum við fulltrúa SÍ. Von stendur til að geta lagt samning fyrir atkvæðagreiðslu á vormánuðum. Miðlægir samningar eru í undirbúningi. Tillaga að yfirlýsingu vegna kjaramála lögð fyrir stjórn. Formanni falið að kanna hug annarra félaga að þátttöku. Stjórn sammála að skýra þyrfti tilgang og framsetningu slíkrar tillögu áður en stjórn samþykkir að skrifa undir slíkt.		
11.	Önnur mál Hæfniviðmið: Tillaga að námsbrautin útbúi hæfniviðmiðin og beri þau undir stjórn. Stjórn tilbúin að skoða mögulegar tillögur að hæfniviðmiðum.	KÁ	